

Stjörnugrís hf  
Saltvík 1  
116 Kjalarnes

Reykjavík, 9. september 2020  
UST202003-041/H.E.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 9.6.2020, hjá Stjörnugrís hf. Melum**

Þann 9.6.2020 fór fram eftirlit í svínabú Stjörnugríss hf. að Melum í Melasveit. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staðfest var að úrbótum vegna tveggja eldri frávika varðandi malbikun á lóð og yfirbyggingu safnþróar er ekki lokið. Þeim frávikum verður fylgt eftir með sér bréfi.


**Tveimur ábendingum var komið á framfæri varðandi skráningar og söfnun regnvatns framan við neðri safnþró. Tvö ný frávik komu fram er varða:**

- Frávik frá gr. 4.2 í fylgiskjali með starfsleyfi. Kvittanir um móttöku spilliefna og hættulegs úrgangs eru ekki til staðar og ekki er halddið utan um skráningar á viðhaldi og eftirliti með mengunarvarnarbúnaði.
- Frávik frá gr. 4.3 fylgiskjali með starfsleyfi og reglugerð 851/2002 um grænt bókhald. Grænu bókhaldi fyrir rekstrarárið 2019 var skilað inn 27. ágúst sl. en því ber að skila fyrir 1. maí fyrir undangengið rekstrarár skv. reglugerð 851/2002 um grænt bókhald.

**Umhverfisstofnun óskar í þessu sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum fráviki í tölulið 1 í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 30.9.2020.**

Virðingarfyllst

  
Halla Einarsdóttir

  
Helga Rut Arnarsdóttir

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Vesturlandssvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjörnugrís hf. Melar, Hvalfjarðarsveit



Dags eftirlits	9.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Stjörnugrís hf.	Eftirlitsmaður	Helga Rut Arnarsdóttir
Heimili	Melar, Hvalfjarðarsveit	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6006670179	Flokkur	Þauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Geir G. Geirsson	ÍSAT nr.	01.46.0
Fulltrúi fyrirtækis	Marek	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins í svínabú Stjörnugríss að Melum. Í eftirlitinu var staðfest að úrbótum vegna tveggja eldri frávika er enn ólokið. Áætlað er að fráviki varðandi malbikun verði lokið um næstu mánaðarmót en ekki liggur fyrir tímasett úrbótaáætlun varðandi frávik um yfirbyggingu safnþróar.

Tvö ný frávirk voru skráð frá starfsleyfi og tveimur ábendingum var komið á framfæri.

## UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og úrbætur útistandandi frávika.
2. Eigið eftirlit og skráning skv. 4. kafla. í starfsleyfisskilyrðum
3. Aðlögun að kröfum BAT niðurstaðna.
4. Skilyrði fyrir dreifingu svínamykju skv. gr. 2.6. og 2.9-2.13 í starfsleyfisskilyrðum.
5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
6. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
7. Kynning á verklagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahraða.
8. Skoðunarferð

1. Síðasta eftirlit fór fram 17. desember 2019 en þá var skráð frávik að starfsleyfi var ekki tiltækt í starfsstöðinni þegar eftirlitið fór fram. Úrbótaáætlun vegna tveggja eldri útistandandi frávika hefur ekki verið lokið.

- Malbikun á lóð umhverfis eitt eldishúsið hefur tafist en er fyrirhuguð seinna í mánuðinum. Verktaki hefur verið ráðin í að malbika plan í Saltvík og mun í kjölfarið malbika lóðina á Melum. Samkvæmt ákvæðum starfsleyfis skal vera bundið slitag á svæði þar sem að afhending dýra fer fram.

- Yfirbygging skítapróar. Fremri skítapró er án yfirbyggingar. Rekstraraðili ræddi um náttúruleg skorpa sé nefnd sem möguleg lausn í stað yfirbyggingar samkvæmt BAT niðurstöðum en nágildandi starfsleyfi gerir kröfur um að safnþró skuli vera yfirbyggð. Vakin er athygli á að skv BAT niðurstöðum er tekið fram að: Náttúruleg myndun skorpu á e.t.v. ekki við í köldu loftslagi og/eða á fljótandi húsdýraáburði sem inniheldur lítið af þurrefni. Náttúruleg skorpa á ekki við í þróm þar sem hræring, fylling og/eða losun fljótandi húsdýraáburðar gerir náttúrulega skorpu ótrausta. Í eftirlitnu var farið upp á safnþró og spítu stungið í gegnum yfirborð skítsins. Skíturinn flýtur upp og því þéttari upp við yfirborð en neðar í haugnum en ekki var skorpa á yfirborðinu.

2. Farið var yfir skráningar og eftirlit með mengunarvarnabúnaði.

Tíðni tæminga á deildum eru um 15 vikur. Lögð voru fram skráningarblöð yfir dreifingu mykju á hvert tún. Ekkert meiriháttar viðhald hefur verið á mengunarvarnabúnaðinum og engar skráningar þar um. Engin mengunarslys hafa verið skráð frá síðasta eftirliti og þær kvartanir sem hafa borist hafa borist í gegnum Umhverfisstofnun. Minniháttar viðgerðir og olíuskipti eru gerð á vélum á vélaverkstæði og samkvæmt upplýsingum rekstraraðila er spilliefnum sem falla til þar ráðstafað til Sorpu. Móttökukvittanir úrgangs og spilliefna láu ekki fyrir þegar eftirlitið fór fram.

3. Rætt var um kröfur sem settar eru fram í BAT niðurstöðum en fjögurra ára aðlögunartími frá útgáfu þeirra mun renna út í febrúar 2021. Rekstraraðili telur ekki þörf á viðamiklum framkvæmdum til að uppfylla skilyrði BAT niðurstaðna.

4. Farið var yfir skilyrði fyrir dreifingu svínamykju. Skráningar á dreifingu frá 3. -15. apríl voru lög fram í

eftirlitinu. Mælingar voru gerðar á niturmagni í mykjunni í byrjun árs 2019 og fylgst með niturmagninu út frá skráningum á magni sem dreift er hverju sinni.

5. Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsóknum og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum frávika. Samkvæmt áhættumati fellur starfsemi Stjörnugríss að Melum í áhættuflokk A og þar með er áætlað að fara tvísvar í vettvangsferðir á búið í ár. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasiðu Umhverfisstofnunar. Rætt var um tækifæri til að lækka stigafjölda áhættumatsins með bættri umhverfisstjórnun á búinu.

6. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti að taka saman skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Þrír olíugeymar eru á búinu, einn tengdur ljósavél, einn fyrir olíukyndingu og tveir fyrir vélarekstur. Olíugeymarnir eru þjónustaðir af N1.

7. Í samvinnu með Matvælastofnun hafa verklagsreglur um förgun sóttmengaðs úrgangs verið endurskoðaðar í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Drög að verklagsreglunum voru send rekstraraðila samhliða boðun eftirlitsins.

8. Í skoðunarferðinni var gengið niður að safnþróm og meðfram ofanvatnslögn niður í fjöru. Einnig var gengið um lóðina hjá eldiskúsum og litið á olíutanka. Staðfest var að úrbótum um malbikun er ekki lokið og lagt mat á mögulega náttúrulega skorpumyndun í óyfirbyggðum safntanki. Spítu var stungið í gegnum yfirborð skítahaugsins í safntakinum. Spítan fór í gegn án þess að átak þyrfti til að brjóta skorpu og ekki voru merki um harða skorpu á yfirborðinu sbr. BAT-niðurstöður. Rigningarvatn safnast saman upp við safntankinn en aðgerðir til að drena vatninu framhjá tankinum hafa ekki borið árangur. Að öðru leiti var snyrtilegt um að lílast á búinu.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

gr. 4.2 í fylgiskjali með starfsleyfi.

Kvittanir um móttöku spilliefna og hættulegs úrgangs eru ekki til staðar og ekki er haldið utan um skráningar á viðhaldi og eftirliti með mengunarvarnarbúnaði.

gr. 4.3. í fylgiskjali með starfsleyfi

Grænu bókhaldi fyrir rekstrarárið 2019 var skilað inn 27. ágúst sl. en því ber að skila fyrir 1. maí fyrir undangengið rekstrarár skv. reglugerð 851/2002 um grænt bókhald.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðili er hvattur til að bæta á skráningarblöð yfir magn dreifðs svínamykju á hvert tún útreikningum á magni niturs sem fer á hvert tún til að hafa betur eftirlit með að það sé innan starfsleyfismarka.

Enn safnast fyrir regnvatn upp við neðri söfnunartank en rekstraraðili lagði lögn til að drena því framhjá. Framkvæmdirnar hafa ekki borið árangur þar sem að vatn safnast ennþá í stóran poll ofan við safntankinn.

## ANNAÐ

Rekstraraðili kynnti hvernig staðið er að þjálfun nýs starfsfólk og kröfur um þekkingu á rekstri Svínabúa. M.a. er gerð krafa um að starfsmenn hafi a.m.k. tveggja ára reynslu af búrekstri áður en þeir koma til starfa á búinu.

Rekstraraðili vinnur að því að fá gæðavottun GÁMES (HACCP) um matvælaöryggi afurða búsins. Rekstraraðili var hvattur til að rýna gæðakerfið m.t.t. krafna BATniðurstaðna um umhverfisstjórnun.

Reykjavík, 09.09.2020

Halla Einarsdóttir  
Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

bls. 4